

251/52

Fundur haldinn í héraðsráði miðvikudaginn 18. okt. 2007 kl. 11:00 á skrifstofu héraðsnefndar, Húnbraut 32.

Mættir voru: Adolf H. Berndsen, Tryggvi Jónsson, Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson og Valgarður Hilmarsson.

Dagskrá:

1. Bréf Sýslumannsins á Blönduósi
 2. Bréf Farskóla N.I. vestra
 3. Bréf Húnavatnshrepps
 4. Bréf Blönduósbæjar
 5. Tilnefning í starfshóp um heilbrigðismál.
 6. Úthlutun úr menningarsjóði
 7. Önnur mál.
-
1. Óskað eftir tilnefningu fulltrúa í samstarfsnefnd um málefni lögreglu og sveitarfélaga. Samþykkt að tilnefna Jón Aðalstein Sæbjörnsson.
 2. Lagt fram bréf Farskóla N.I.vestra þar er óskað eftir framlagi fyrir árið 2008. Vísað til gerðar fjárhagsáætlunar 2008.
 3. Lagt fram bréf Húnavatnshrepps þar sem kemur fram afgr. hreppsnefndar vegna fundargerðar héraðsnefndar frá 3. okt. s.l. Sveitarstjórnin tilnefnir Jens P. Jenssen og Björn Magnússon í starfshóp um málefni héraðsnefndar.
 4. Lagt fram bréf Blönduósbæjar þar sem kemur fram tilnefning fulltrúa í starfshóp um málefni héraðsnefndar. Tilnefndir eru Arnar Þór Sævarsson og Valgarður Hilmarsson.
 5. Tilnefning í starfshóp SSVN um heilbrigðismál tilnefnd er Ásgerður Pálsdóttir.
 6. Samþykkt að úthluta úr Menningarsjóði héraðsnefndar. Til Lúðrasveitar Tónlistarskólans kr. 50.000.- vegna ferðar á Landsmót skólalúðrasveita á Höfn í Hornafirði. Einnig er veitt kr. 50.000.- til Sólveigar S. Einarsdóttur vegna söngdaga á Húnavöllum í sumar.
 7. Önnur mál.
-
- Framkvæmdastjóra falið að boða fund 29. okt. n.k.í starfshópi um málefni héraðsnefndar.

Fleira ekki gert fundi slitið kl.12:00.

Adolf H. Berndsen

Valgarður Hilmarsson

Tryggvi Jónsson

Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson